



UST

Umhverfisstofnun

Environmental and Land Agency of Iceland

• Suðurlandsvegur 24

107 Reykjavík, Ísland

Tel. +354 591 2000

Fax. +354 591 2010

umhv. stofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

22. mars 2006

Skjalanúmer: 54

Tilvísun: UST20060200116/KG

### Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál


Vísað er til erindis allsherjarnefndar, dags. 17. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu lýtur frumvarpið að því að uppfylla ákvæði samnings um stofnun Landsvirkjunar þar sem íslenska ríkið lagði til land og vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um Gnúperjaafrétt dags. 21. mars 2002 og Landmannaafrétt dags. 10. desember 2004 telst svæðið vera þjóðlenda og Landsvirkjun því hvorki eigandi að svæðinu né nefndum réttindum.

Umrætt svæði hefur þegar verið raskað og skilgreint sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi sveitarfélaga, jafnframt því að þar hefur verið rekin virkjun í meira en 30 ár. Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framangreindu að út frá náttúruverndarsjónarmiðum sé ekki ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið. Umræða um það hvort réttara sé að ríkið haldi eignarrétti sínum í samræmi við úrskurði óbyggðanefndar og innheimti leigu eða endurgjald í samræmi við 3. gr. þjóðlendulaga er utan við verksvið stofnunarinnar og tekur hún ekki afstöðu til þessa.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Afrit: Umhverfisráðuneytið